

Fréttir í fáum orðum:

ALLT VIRÐIST MEÐ kyrrum kjörum í Jórdaníu og lýtur allt stjórn hins konungholla hers. Leiðtogar vinstri flokkanna hafa verið handteknir, m. a. Nabulsi, fyrrv. ráðhr. **TALSMADUR** Bandaríkjaþjórnar lét svo ummælt í gær, að Bandaríkjaþjórn teldi, að ástandið í Jórdaníu væri nú mun betra en fyrr, eftir að kyrrð hefði komist á. Ekkert mætti gera, sem skert gæti fullveldi landsins.

EISENHOWER Bandaríkjaforseti dvelst enn á sveitasetri sínu suður í Georgíu og er lítið svo á, að hann telji ástandið í Jórdaníu mun betra og hjartari horfur en fyrr.

TALSMADUR Bandaríkjaþjórnar sagði í dag, að liðsflutningarnir frá Norfolk austur til Miðjarðarhafs væru í alla staði eðlilegir. Tilgangurinn með þeim væri aðeins sá að leysa aðrar landgöngusveitir af hólm.

Kjarnorkufræðingur flytur fyrirlestra hér

Þann 4. maí n. k. mun mjög þekktur amerískur vísindamaður að nafni John Dunning koma hingað til landsins og flytja fyrirlestra á vegum Íslenzk-ameríska félagsins. Dr. Dunning er prófessor við Columbia háskólann í New York og munu fyrirlestrar hans hér verða um atómvísindi. Hann er forstöðumaður verkfræðideildar Columbíaháskólans og hefir gegnt mörgum mikilvægum störfum í sambandi við þróun kjarnorkuvísindanna. Hann átti m. a. sæti í stjórn kjarnorkurannsóknarstöðvarinnar í Oak Ridge, og var opinber eftirlitsmaður við vísindarannsóknardeild Bandaríkjanna. Dr. Dunning er frægur fyrirlesari og hefir ferðast víða um Evrópu. Er dr. Dunning fyrsti fyrirlesarinn, sem kemur hingað og flytur hér fyrirlestra að tilhlutan félagsins, en það er ætíð stjórnarinnar að fá hingað á næstunni fleiri kunnar mennta- og vísindamenn frá Bandaríkjunum til erindaflutnings. Ætti slíkt að geta orðið ríkur þáttur í kynningarstarfsemi milli þessara tveggja þjóða.

(Frá Íslenzk-ameríska félaginu.)

Sýning á listkeramik í Regnboganum í Bankastræti

Í dag opnar Funi h.f. sýningu á listkeramik í sýningarsal Regnbogans í Bankastræti. Á sýningunni eru einungis handunnir listmunir, frummyndir, formaðir og útfærðir af Ragnari Kjartanssyni, en Haukur og Filippus Kristóferssynir hafa annast glerjunga og brennslu.

Munirnir eru flestir unnir með þeim hætti, sem nefnist majolika gerð. Er hún mjög vandasöm tæknilega, en virðist hafa tekið allvel, og eru munirnir margir mjög fallegir. Funi hóf framleiðslu á þessari nýju tegund leir muna síðastliðið haust.


Ragnar Kjartansson hefur stund að nám hjá Guðmundi frá Miðdal og í Handiðaskólanum, og hann lagði stund á myndhöggvaralist hjá Ásmundi Sveinssyni. Þá hefur hann lært leirkerasmiði í Sviþjóð.

Sýningin í Regnboganum verður opnuð í dag kl. 1 og er opin til kl. 10, og er aðgangur ókeypis. Síðan verður hún opin á verzlun

Fannst lifandi með molaða snoppu

Frá fréttaritara Tímans í Þingvallasveit.

Það bar við fyrir nokkru, að fullorðin á, óborin, fannst í Miðfelli svo illa bitin eftir töfu, að varð að lóga henni. Hafði töfan molaða snoppu hennar, allt uppundir augu, en ekki tekið að vinna á henni að fullu. — G. E.



Meðal farþega með Gullfaxa til útlanda í fyrradag voru Guðmundur Í. Guðmundsson og frú, Hinrik Sv. Björnsson og frú, Haraldur Kroyer og Stefán Jóhann Stefánsson. — Utanríkisráðherra og samfylgdarmenn hans munu sitja fund Evrópuráðsins í Strassborg og síðar ráðherra fund Atlantshafsbandalagsins í París. — Myndin er tekin á Reykjavíkurflugvelli við brottförina.

(Ljósni: Sv. Sæm.)

Púkarnir dansa ballett, kerlingin „sippar“ og skjóðan er leikknöttur

Púkarnir dansa ballett kerlingin „sippar“ og skjóðan er leikknöttur.

Eins og sagt er frá í viðtali við Guðlaug Rósinkrans, þjóðleik hússtjóra hér í blaðinu í dag, hefir Gullna hliðið eftir Davíð Stefánsson verið sett á svið með nokkuð óvenjulegum hætti í Finnlandi.


— Ég held, að óhætt sé að segja, sagði Þjóðleikhússtjóri, að andi höfundarins og þjóðsögunnar sé nokkurn veginn þurrkaður út í leiknum. Í stað þess verður þetta gamanóperetta og ballett-sýning. Af músík Páls Ísólfs-sonar er ekkert notað nema Mariúversíð, en í stað þess létt ballettlög. Til dæmis um svip

sýningarinnar má geta þess, að púkarnir koma í hvítum engla-klæðum, en þó með halann, inn á himnavellina, dansa ballett kringum kerlinguna, ná af henni skjóðunni og fara í knattleik með hana. Aka þeir einnig sálar skjóðunni um himnavellina í hvítum barnavagni og kerlingin dansar ballett með. Lýkur þessu atriði með því, að kerlingin fer að „sippar“ eins og krakkarnir, og halda engilklæddir púkar í „sippubandið“.

Mér flaug í hug, hvernig höfundinum, Davíð Stefánssyni, mundi líta á þessa sýningu, en þess má geta, að sýningin vakti geysimikla hrifningu leikhúsgesta. Kerlinguna leikur Elna Hellman og leikstjóri er Eino Salmelainen, einn kunnasti leikstjóri Finna. Leikkonan var kjörin besta leikkona þessara finnsku leikdaga.

Síðasti sýningardagur

Í dag er síðasti sýningardagur Baldurs Edwins í Bogasalinum. — Á 14. hundruð manna hafa skoðað sýninguna og 18 myndir selst.



Nokkrir munanna á sýningunni.

Nýr sýningarsalur opnaður í Alþýðuhúsinu í Reykjavík í dag

Í dag hefir nýstárlegt fyrirtæki starfsemi sína hér í Reykjavík. Það nefnist Sýningarsalurinn og er til húsa í Alþýðuhúsinu á horni Hverfisgötu og Ingólfsstrætis. Þar verða til sýnis og sölu ýmiss konar myndlistaverk og listiðnaður, og er starfinu hagað að erlendra fyrirmynd (galería).

Sigríður K. Davíðsdóttir framkvæmdarstjóri sýningarsalarins skýrði fréttamönnum frá fyrirhugðri starfsemi fyrirtækisins í gær. Þarna verður rekin kynningarstarfsemi með sýningum listaverka, fyrirlestrum sérfróðra manna og útgáfu kynningarrita. Sýningar verða bæði samsýningar og sersýningar einstakra listamanna. Sýningarsalnum er skipt í tvær deildir, myndlistardeild, þar sem vera á málverk, höggmyndir o. fl., og listiðnaðardeild, þar sem vera á gull- og silfurmunir, leirmunir, vefnaður og annar listiðnaður. Ennfremur verða þar til sölu listaverkabækur, tímarit um listir o.s.frv.

Fyrsta sýningin verður opnuð í dag eins og fyrr segir. Í myndlistardeild verða verk eftir listmálara Ásgrím Jónsson, Þorvald Skúlason, Kristínu Jónsdóttur, Svavar Grönason, Valtý Pétursson og myndhöggvarana: Ásgerði Ester Búadóttur, Barböru Árnason, Sigrúnu Jónsdóttur, Jóhannes Jóhannesson, Sigríði Gunnlaugsdóttur, Sigríði Björnsdóttur, Val Fannar, Svisslendinginn Ditero, Ragnar Bjarnason, Halldór Hjálmarsson húsgagnarkitekt, sem sýnir svonefndan undrastól og húsgögn verða þar eftir Jón og Guðmund.

Þessi sýning verður opin í átta daga, en næstu sýningar standa vaðtanlega 14 daga hver.

Sýningarsalurinn á að auðvelda frókar en nú er daglegt samband fólksins við listaverk, örva fólki

til að skoða og kaupa fagra muni og listaverk, auk þeirrar kynningarstarfsemi sem þar verður rekin, sagði framkvæmdarstjórinn. Kjör-
(Framhald á 2. síðu).

Fundur Kvenréttinda félagsins um launamál

Kvenréttindafélag Íslands heldur fund n.k. mánudagskvöld í félagsheimili prentara, Hverfisgötu 21. Fundarefni er launajafnrétti, og flytur Hulda Björnsdóttir fram söguræðu. Sigríður Magnússon flytur erindi um hið tvískipta hlutverk konunnar.

Nýalssinnar kynna ísl. heimspeki

Félag Nýalssinna efnir til kynningar á heimspeki dr. Helga Péturs í 1. kennslustofu háskólans kl. 3 í dag. Þar mun Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum flytja erindi um dr. Helga og heimspeki hans. Lesið verður upp úr Nýal, en loks sagt frá nokkrum athugunum á draumum, byggðum á nýaliskum grundvelli.

Félag Nýalssinna telur það eitt helzta viðfangsefni sitt að kynna heimsspekikennningar dr. Helga.

Rvíkurmótið í knattspyrnu heldur áfram í dag. — Þá leika KR og Þróttur

Annar leikur Reykjavíkurmótsins fer fram í dag á Íþróttavellinum og leika þá KR og Þróttur. Hefst leikurinn kl. 2.

Vegna góðviðris síðari hluta vetrar hafa félögin getað hafið útiæfingar fyrr en verið hefir undanfarið ár og ættu liðin því að vera í betri æfingu í upphafi keppnistímabilsins en undanfarið ár, en eftir fyrsta leiknum að dæma á milli Vals og Víkinga eru það aðeins nokkrir leikmenn í hvoru liði, sem eru í sæmilegri þjálfun.

Liðin í dag.

Lið Þróttar er enn ungt, ef frá er skilinn hinn aldni en síkviki Sheriff og getur náð langt. KR hefir enn á að skipa hinum gömlu

traustu leikmönnum sínum, sem hafa marga harða hildi á síðustu árum og öðlazz mikla reynslu. Ekki hefir frétt, að neinn hafi hengt upp skóna, nema Hörður Óskarsson, sem leikið hefir í meistaraflakki síðastliðin 16 ár, hann hefir nú hætt ströngum æfingum. Þá hefir Þróttur einnig misst sinn miðframvörð, Halldór Bachmann, sem lagt hefir skóna til hliðar, eftir því sem frétt hefir.

Þriðji leikur mótsins verður síðan á þriðjudag, og leikur þá Fram gegn Víking.

Mertryppi og kind finnast bundin í gripahúsum við Jófríðarstaði

Talið að „animalistar“ hafi verið á ferðinni.

Þegar fjárgæzlumaður kom í gripahúsin við Jófríðarstaði við Kaplaskjólsvæg í gærmorgun, var sýnt að einhverjir höfðu gert ferð sína til dýranna um nóttina. Undanfarið hefur það viljað brenna við að lás af fjárgæmslu sem þarna er, hafi verið brotinn upp um nætur. Eitthvað um tólf kindur eru geymdar þarna og í skúr við hliðina er veturgamalt mertryppi og hestur, en innan-gengt er úr fjárhúsinu í hesthúsið.

Kindin bundin á fótum.

Þrátt fyrir það, að álíta má, að oftast hafi verið farið í húsin að næturþeli en í fyrrinótt, hafa

aldrei verið eins greinileg merki um mannaferðir og í gærmorgun, þegar gæzlumaður kom í hús in. Ein rollan fannst liggjandi sauðbundin á gólfinu. Var kindin orðin lerkuð eftir að hafa legið svona, en hún er komin að burði.

Merhrossið heft á afturfótum.

Þegar maðurinn kom inn til hrossanna, sá hann að mertryppið hafði verið heft á afturfótum. Þykja þessar afturfótaheftingar á dýrunum benda til þess, að þarna hafi þeir aðilar verið á ferð sem nefnast „animalistar“, þ.e. menn sem hafa kynmök við dýr. Mál þetta er nú í rannsókn hjá lögreglunni.